

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 161/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Marinó Guðbrandssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi 6. mars 1991. Hann krefst sakfellingar samkvæmt ákæru, refsingar og sviptingar ökuréttinda svo og þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sakarkostnað fyrir báðum dómum.

Verjandi ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst hann þess, að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Héraðsdómari tók skýrslu fyrir dómi af ákærða og 12 vitnum, áður en hann tók afstöðu til þess, hvort sannað teldist, að ákærði hefði ekið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 2. janúar 1989. Þegar litið er til þessa og annarra gagna málsins, eru ekki efni til að hnekkja í Hæstarétti niðurstöðu héraðsdómara, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 3. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dóm-

ur í sakadómsmálinu nr. 1/1991: Ákærvaldið gegn Jóni Marínó Guðbrandssyni, sem tekið var til dóms 19. desember síðastliðinn.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. maí 1990, á hendur ákærða, Jóni Marínó Guðbrandssyni verkamanni, Fiskakvísl 28, Reykjavík, kt. 220854-7369, „fyrir að aka að morgni mánudagsins 2. janúar 1989 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í-2737 frá Ísafirði áleiðis til Bolungarvíkur og svo óvarlega eftir Djúpvegi um Óshlíð, að bifreiðin lenti út af veginum og valt ofan í fjöru.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 2. janúar 1989 var ákærði á leið frá Ísafirði til Bolungarvíkur í bifreiðinni Í-2737. Er hann ók um Óshlíð, missti hann stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún fór út af þjóðveginum í námunda við innri vegskálann af tveimur, sem þar eru.

Um morguninn var Guðmundur Páll Jónsson, lögreglumaður á Ísafirði, á leið til vinnu sinnar frá Bolungarvík, er hann veitti athygli hjólförum, sem lágu út af snævi þöktum veginum á fyrrgreindum stað. Þar sem skyggni var slæmt, hélt lögreglumaðurinn rակleitt til Ísafjarðar og tilkynnti um óhappið kl. 6.57. FóR hann síðan á staðinn í lögreglubifreið. Við athugun á vettvangi kom í ljós, að bifreiðin Í-2737 hafði oltið niður hliðina og stóð á hjólunum í fjörunni neðan við þjóðveginn. Sat ákærði meðvitundarlítill í aftursæti bifreiðarinnar. Megnan áfengisþef lagði frá vitum hans. Er lögreglumaðurinn hafði hlúð að ákærða, kallaði hann eftir aðstoð sjúkra- og björgunarliðs, sem sá um að draga ákærða upp hliðina í sjúkrahörm. Var hann síðan fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Lögreglunni í Bolungarvík var því næst tilkynnt um óhappið, og gerði hún ráðstafanir til að fjarlægja bifreiðina af vettvangi.

Við læknisrannsókn sama morgun kom í ljós, að ákærði hafði hlotið beinbrot á báðum fótleggjum rétt neðan við hné auk minni háttar áverka. Kl. 9.15 var honum tekið blóð til alkóhólákvörðunar. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á blóðsýni þessu reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,18‰.

Guðmundur Páll Jónsson hefur staðfest framangreind lögregluverk sín

við rannsókn og meðferð málsins. Þá hefur vitnið borið, að það hafi þegar á vettvangi grunað ákærða um ölvun við akstur án þess þó að minnast á það við hann. Ekki varð vitnið vart við neitt áfengi inni í bifreiðinni, en tók fram, að það hefði ekki leitað sérstaklega að áfengi, hvorki í bifreiðinni né fyrir utan hana. Vitnið leitaði hins vegar að hugsanlegum farþegum í fjörunni og áleit, að það hlyti þá að hafa séð áfengisflösku eða -flöskur, ef þær hefðu legið fyrir utan bifreiðina, þar sem nýfallinn snjór var yfir öllu. Aðspurt kvað vitnið einhver glerbrot hafa verið í fjörunni og veitti því athygli, að rúður voru brotnar í bifreiðinni. Vitnið kvaðst að öðru leyti ekki hafa annast rannsókn á vettvangi og vísaði til Hlyns Snorrasonar rannsóknarlögreglumanns, sem komið hefði á staðinn. Vitnið gat þess og, að óhappið hefði orðið í umdæmi lögreglunnar í Bolungarvík og því hefði lögreglan þar annast brottflutning bifreiðar ákærða.

Hlynur Snorrason hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi komið á vettvang um það leyti, sem verið var að leggja ákærða á sjúkrabörur. Beið vitnið síðan í u.þ.b. eina klukkustund eftir dagsbirtu, en tók þá ljósmyndir af vettvangi, auk þess sem það leit inn í bifreið ákærða og skoðaði næsta nágrenni við hana. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa gert sérstaka leit að áfengi, en minntist þess að hafa séð glerbrot úr rúðum og ljósum bifreiðarinnar á vettvangi. Vitnið kannaðist loks við framlagðar ljósmyndir í málinu.

Verður nú vikið að framburði ákærða við rannsókn og meðferð málsins, en síðan rakinn framburður annarra vitna.

Ákærði kom til yfirheyrslu vegna málsins hjá lögreglunni í Bolungarvík 22. febrúar 1989. Ekki verður séð, að lögreglan hafi gætt viðeigandi réttarsákvæða gagnvart honum, áður en yfirheyrslan hófst. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði að kvöldi 1. janúar (í skýrslunni segir 2. janúar) farið frá Bolungarvík til Ísafjarðar, þar sem hann heimsótti kunningja sinn, Björn Brynjólfsson. Er ákærði var á leið heim aftur um kl. 4 um nóttina og ók um Óshlíð, hefði bifreið sín runnið til á veginum með þeim afleiðingum, að hún lenti út af við innri vegskálann og valt ofan í fjöru. Ákærði kvaðst lítið hafa getað hreyft sig eftir veltuna, enda fótbrottinn og leið miklar kvalir af þeim sökum. Greip hann því til áfengispela, sem hann átti í bifreiðinni, og steypiti úr honum í sig. Ákærði tók sérstaklega fram, að hann hefði tapað úri sínu í veltunni og vissi því ekki, hve lengi hann beið í fjörunni, áður en lögreglan kom á vettvang. Mundi hann óljóst eftir því, er hún kom á staðinn.

Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi að kvöldi sunnudags. 1. janúar 1989 heimsótt fyrrnefndan Björn Brynjólfsson og þeir setið að spjalli heima hjá Birni fram yfir miðnætti. Um kl. 1 hefðu þeir ákveðið að fara á veitingastaðinn Staupastein, sem stendur við Ísafjarðarbotn. Tóku

þeir sér far með leigubifreið, þar sem ákærði vildi ekki eiga á hættu, að bifreið sín yrði skemmd fyrir utan staðinn. Er inn kom, hefði ákærði hitt aðra kunningja sína og orðið viðskila við Björn. Meðal þeirra hefði verið Flosi Arnórsson, sem legið hefði fram á borð og sofið ölvunarsvefni. Reyndi ákærði með litlum árangri að vekja hann til lífsins. Um kl. 2.30 kveðst ákærði hafa farið út af veitingastaðnum og gengið áleiðis til Ísa-fjarðar, þar sem hann hugðist ná í bifreið sína og aka heim til Bolungarvíkur. Á leiðinni hafi hann hitt fjóra pílta í bifreið, sem buðu honum með sér í samkvæmi að Túngötu 17. Eftir skamma viðdvöl þar sótti ákærði bifreiðina og lagði af stað til Bolungarvíkur. Er hann kom að innri vegskálanum í Óshlíð, fannst honum vera steinn á veginum, og því sveigði hann bifreiðinni frá með þeim afleiðingum, að hún rann til á hálum veginum og valt u.þ.b. 50 metra ofan í fjöru. Ákærði kveðst hafa rankað við sér í aftursæti bifreiðarinnar og þá viljað drifa sig upp á veg. En er hann gat ekki stigið í fæturna, hefði það runnið upp fyrir sér, að hann væri fótbrotinn. Þar sem ákærða kenndi sárlega til í fótleggjunum og var orðinn hræddur þarna í fjörunni, teygði hann sig í óátekinn vodkapela, sem hann átti í hanskahólfi bifreiðarinnar, og drakk hann til fulls. Var ákærði nýbúinn að henda pelanum út um glugga bifreiðarinnar, er lög-reglan kom að honum. Fullyrti hann, að þetta hefði verið eina áfengisneysla sín umrætt kvöld og nótt.

Vitnið Björn Brynjólfsson, kt. 170755-5589, hefur staðfest frásögn ákærða um heimsókn hans til vitnisins að kvöldi nýársdags 1989 og ferð þeirra í Staupastein um miðnæturbil. Kveðst vitnið hafa dvalist þar skamma stund og á þeim tíma ekki orðið yart við neina áfengisneyslu af hálfu ákærða. Vitnið fullyrti, að þeir félagar hefðu ekki neytt áfengis á heimili vitnisins fyrr um kvöldið.

Egill Gunnarsson, kt. 240263-4849, ók bifreið þeirri, sem ákærði þá far með í samkvæmið að Túngötu 17. Vitnið gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu í apríl 1989. Þá skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið að „rúnta“ að loknum dansleik í Staupasteini ásamt Ásbergi Magnúsi Einarsyni, Haraldi Úlfarssyni og Birni Kristjánssyni, er þeir óku fram á ákærða. Var hann þá augsýnilega undir áhrifum áfengis. Ákærði hefði farið með þeim í samkvæmið, sem var fjölmennt og áfengi þar haft um hönd. Einhvern tíma um nóttina hefði Ásberg svo beðið vitnið að aka Haraldi út í Bolungarvík, en hann var þá við það að sofna. Var síðan ákveðið, að vitnið sækti hina í samkvæmið og æki þeim til síns heima. Þegar það kom aftur á staðinn, hefðu Ásberg og Björn þegar sest inn í bifreiðina, en ákærði, sem var orðinn áberandi drukkinn, verið með „fylliriðsrövl“ og ekki viljað fara með hinum. Hafði hann á orði, að hann gæti vel séð um sig sjálfur. Eftir nokkurt þóf hefði verið ákveðið að skilja ákærða eftir,

en vitnið ekið hinum heim. Minnti vitnið, að það hefði farið að sofa milli kl. 5 og 6 um nóttina. Um hádegi hefði það svo frétt af óhappi ákærða.

Á dómþingi 11. október sl. mundi vitnið lítið eftir málsatvikum, en kannaðist við að hafa verið í Staupasteini umrætt sinn og farið þaðan ásamt Ásbergi, Haraldi og Birni í bifreið, sem vitnið ók. Fór hópurinn m.a. í samkvæmið að Túngötu 17, en þar dvaldist vitnið aðeins skamma stund. Mundi vitnið ekki, hvort ákærði hefði verið í samkvæminu, en fullyrti, að hann hefði einhvern tíma um nóttina verið farþegi í bifreiðinni, annaðhvort fyrir eða eftir samkvæmið. Fannst vitninu hann þá vera ölvaður, en gat ómögulega útskýrt, í hverju ölvunareinkennin voru fólgin. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið áfengislykt leggja frá ákærða, en að mati þess hefði hann sem og aðrir farþegar í bifreiðinni verið undir áhrifum áfengis. Ekki minntist vitnið þess að hafa séð ákærða neyta áfengis um nóttina.

Vitnið Ásberg Magnús Einarsson, kt. 110867-4929, var yfirheyrð af lögreglu í apríl 1989. Vitnið kvaðst hafa verið í Staupasteini umrædda nótt ásamt Agli Gunnarssyni og Haraldi Úlfarssyni. Eftir dansleik hefðu þeir farið að „rúnta“ um bæinn ásamt fjórða manni, sem vitnið mundi ekki, hver væri. Óku þeir fram á ákærða og buðu honum upp í bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki hafa getað greint nein merki ölvunar á ákærða, en aðrir í bifreiðinni, utan ökumaður, hefðu verið undir áhrifum áfengis. Þá varð vitnið ekki vart við neina áfengisneyslu hjá ákærða, hvorki í bifreiðinni né í samkvæminu að Túngötu 17. Þar dvaldist vitnið rúma klukkustund, en um þrjúleytið hefði Egill ekið því heim. Hefði hann áður „skutlað“ Haraldi til Bolungarvíkur. Þegar vitnið hvarf úr samkvæminu, kvaðst það hafa boðið ákærða far, en hann afþakkað og sagst myndu fá sér leigu-bifreið til Bolungarvíkur. Vissi vitnið þá ekki, að bifreið ákærða væri á Ísafirði. Frétti vitnið það næst, að ákærði hefði orðið fyrir óhappi í Óshlíð.

Vitnið kom fyrir dóm vegna málsins 11. október sl. og skýrði þá frá málsatvikum á sama veg. Vitninu var síðan kynntur framburður Egils Gunnarssonar um það, að ákærði hefði verið bersýnilega undir áhrifum áfengis, er hann settist inn í umrædda bifreið. Kvaðst vitnið ekkert skilja í þessum ummælum, en tók fram, að Egill væri „mjög uppstökkur maður og fljótur að dæma fólk hart“. Kvað vitnið síðan ákærða hafa verið alveg eins og hann á að sér umrædda nótt, en vitnið þekki ákærða, þar sem þeir hefðu verið saman til sjós.

Björn Kristjánsson, kt. 030550-2429, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kannaðist við að hafa farið í Staupastein að kvöldi nýársdags 1989 ásamt Agli, Ásbergi og Haraldi Úlfarssyni. Hins vegar mundi vitnið ekkert eftir atvikum umrædds kvölds og nætur sökum mikillar ölvunar.

Vitnið Haraldur Úlfarsson, kt. 240662-4429, skýrði frá því fyrir dómi sama dag, að það hefði greint sinn hitt ákærða að loknum nýársdansleik

í Staupasteini. Fékk ákærði þá far með vitninu, Ásbergi, Birni og Agli inn til Ísafjarðar. Fljótlega eftir að ákærði settist inn í bifreiðina, hefði hann farið að halda því fram, að hann væri óvelkominn í bifreiðinni og þeir félagar sér andsnúnir. Út af þessu svo og „allri hegðun“ ákærða hefði vitnið dregið þá ályktun, að hann væri ölvaður. Sjálft dró vitnið ekki dul á það, að það hefði verið ofurölvi umrædda nótt, en treysti sér engu að síður til að fullyrða, að ákærði hefði einnig verið ölvaður. Vitnið kvaðst þó ekki hafa séð ákærða neyta áfengis og sá ekkert í fari hans, sem benti til áfengisneyslu, svo sem vot eða rauð augu, þvöglulegan málrósm eða reikult göngulag. Vitnið gat ekkert borið um ferðir ákærða í samkvæminu á Túngötu og kvaðst síðast hafa séð hann, er vitnið bað Egil að aka sér heim. Frétti það síðan af óhappi ákærða daginn eftir.

Ólafur Jónasson, kt. 150667-5269, var greint sinn húsráðandi að Túngötu 17. Gaf vitnið skýrslu hjá lögreglu vegna þessa máls í maí 1989. Þá skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið með samkvæmi umrædda nótt og ákærði og félagar hans frá Bolungarvík verið meðal gesta. Félagarnir hefðu fljótlega farið heim, en ákærði viljað vera áfram. Vitnið kvað ákærða hafa verið „dauðadrukinn“ í samkvæminu og fullyrti, að það hefði séð hann neyta þar áfengis. Það hefði þó verið í litlum mæli, þar sem lítið áfengi var til og ákærði hafði sjálfur ekkert meðferðis. Vitnið kvaðst sjálft hafa verið undir áhrifum áfengis, en taldi sig þó muna vel eftir málsatvikum, sérstaklega hve áberandi ölvaður ákærði hefði verið, þegar hann fór úr samkvæminu um kl. 6 að morgni, að því er vitnið minnti.

Á dómþingi 11. október sl. skýrði vitnið svo frá, að það hefði umrætt sinn verið í Staupasteini ásamt Flosa Arnórssyni, Þóri Hálfðanarsyni og fleiri kunningjum sínum. Að dansleik loknum hefði verið ákveðið að fara í samkvæmi heim til vitnisins, og var ákærða boðið þangað. Í samkvæminu hefði drykkju verið fram haldið, og mundi vitnið eftir að hafa séð ákærða bergja þar á einhverjum dökkleitu vökva, sem það taldi vera áfengi, enda hefði ákærði verið bersýnilega ölvaður. Dró vitnið ályktun þessa af því, að ákærði var „kátur og glaður og kjaftaði mikið og var ekki með fullkomið jafnvægissskyn“. Aðspurt dró vitnið ekki dul á það, að það hefði sjálft verið ofurölvi í samkvæminu, en þó ekki svo, að skert hefði minni sitt. Tók vitnið sérstaklega fram, að umrædd nótt hefði verið sérstaklega minnisstæð sökum þess, að það hefði verið kallað til skýrslutöku hjá lögreglu. Vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega, hverjir gestir sínir voru umrædda nótt, en benti á, að það hefði nafngreint þá flesta í skýrslu sinni hjá lögreglu. Þó leiðrétti vitnið fyrir dómi, að Unnsteinn nokkur Halldórsson hefði ekki verið þeirra á meðal, og kvað þetta vera misminni af sinni hálfu, en Unnsteinn, Flosi og Þórir væru mikið saman og hefðu allir komið heim til vitnisins. Þá tók vitnið fram þessu til frekari skýringar, að það

hefði oft verið ölvað á umræddu tímabili. Aðspurt kvað vitnið Flosa hafa verið ölvaðan í Staupasteini umrædda nótt, en minntist þess ekki, að hann hefði sofnað þar ölvunarsvefni, sem hann ætti þó vanda til, þegar hann fengi sér í glas. Þá mundi vitnið ekki til þess, að Flosi hefði sofnað í samkvæminu. Loks mundi vitnið ekki, hvenær ákærði fór úr samkvæminu, en hann hefði farið, áður en því lauk. Ekki mundi vitnið, hvenær samkvæminu lauk, en taldi ekki ólíklegt, að það hefði staðið fram undir hádegi á mánudeginum.

Þórir Hálfðanarson, kt. 110361-2549, gaf skýrslu hjá lögreglu í maí 1989. Vitnið kvaðst þekkja ákærða, þar sem þeir hefðu verið saman til sjós. Kvaðst vitnið hafa hitt ákærða í Staupasteini skömmu eftir miðnætti 2. janúar. Var hann þá ekki „sjáanlega ölvaður“, að því er vitnið minnti. Vitnið hefði síðan hitt ákærða aftur í samkvæminu að Túngötu 17. Aðspurt um það, hvort ákærði hefði þá verið ölvaður, kvaðst vitnið „reikna með því“, að svo hefði verið, en tók fram, að það hefði sjálft verið undir áhrifum áfengis og ekki verið að fylgjast sérstaklega með ákærða. Tók vitnið og fram í þessu sambandi, að sér fyndist lítið sjá á ákærða, þótt hann væri búinn að neyta áfengis. Vitnið áleit, að ákærði hefði horfið úr samkvæminu um kl. 5 um morguninn.

Á dómþingi 11. október sl. kvaðst vitnið muna óljóst eftir umræddu kvöldi og nótt, þar sem það hefði verið ofurölvi. Vitnið mundi þó eftir að hafa hitt ákærða í Staupasteini, en hann hefði sest þar við borð hjá vitninu og Flosa Arnórssyni og pantað sér kaffi. Vitnið hefði þá verið byrjað að neyta áfengis og Flosi þegar orðinn ofurölvi, en til þess hætti honum oft að sögn vitnisins. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði farið með því í samkvæmið, og tók sérstaklega fram, að allt hefði verið orðið „þokukennt“, þegar þar var komið sögu. Vitnið skýrði þau ummæli sín hjá lögreglu, að það hefði „reiknað með því“, að ákærði væri ölvaður, á þann veg, að flestallir samkvæmisgesta hefðu verið ölvaðir og vitnið af því einu dregið þá ályktun, að ákærði væri það einnig. Kvaðst vitnið ekki hafa fylgst með ákærða í samkvæminu og varð þess ekki vart, að hann neytti áfengis. Vitnið kvaðst hafa haldið úr samkvæminu milli kl. 6 og 7 og flestir gestanna þá verið farnir. Kvað vitnið fyrri tímasetningu sína um brottför ákærða vera ágiskun eina.

Flosi Arnórsson, kt. 060262-7219, gaf skýrslu hjá lögreglu í maí 1989. Kvaðst vitnið þekkja ákærða vel, en þeir hefðu verið saman til sjós. Mundi vitnið eftir því að hafa hitt ákærða inni á Staupasteini umrædda nótt. Kvað það ákærða hafa neytt þar áfengis og verið „áberandi ölvaður“. Var hann „gladur og reifur þarna á staðnum“. Sjálft kvaðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis, en gat þó fullyrt, að svo hefði einnig verið farið um ákærða. Vitnið mundi eftir að hafa farið í samkvæmið að Túngötu 17,

en gat ekki borið um, hverjir hefðu verið þar, þar sem vitnið sofnaði ölvunarsvefni og vaknaði ekki fyrr en kl. 11 um morguninn. Seinna frétti það svo af óhappi ákærða í Óshlið og grunaði þá strax, að ákærði hefði verið ölvaður við aksturinn, miðað við það ástand, sem hann var í inni á veitingastaðnum.

Vitnið kom fyrir dóm vegna málsins í nóvembermánuði síðastliðnum. Kvaðst það lítið muna eftir umræddu nýárskvöldi. Vitnið mundi þó eftir að hafa verið inni á Staupasteini, er ákærði kom inn, og settust þeir saman til borðs. Þar hefðu þeir pantað sér kaffi og vitnið jafnframt viskí. Hins vegar hefði vitnið ekki séð ákærða neyta áfengis við borðið og minntist þess ekki, að hann hefði borið nein merki áfengisneyslu. Mundi vitnið svo næst eftir sér, er það vaknaði í heimahúsi morguninn eftir. Vitnið gaf þá skýringu á framburði sínum hjá lögreglu um ölvun ákærða, að það hlyti annaðhvort að hafa verið illa fyrir kallað eða í tímaþröng, er það gaf umrædda skýrslu, og skýrt frá því, sem það taldi lögregluna vilja heyra. Jafnframt hefði vitninu verið tjáð, að framburður þess skipti ekki máli. Ítrekaði vitnið síðan framburð sinn fyrir dómi. Vitninu var því næst kynntur framburður ákærða um ölvunar-ástand þess, og kvað vitnið það geta verið rétt, að það hefði sofið ölvunarsvefni inni á Staupasteini, þar sem það myndi vel eftir stígvélum þeim, sem ákærði var í, og hlyti það að stafa af því, að vitnið hefði legið fram á borðið og horft niður á gólf veitingastaðarins.

Brynjólfur Lárusson, kt. 030953-4799, kom að eigin frumkvæði til skýrslugjafar hjá lögreglu í maí 1989, en hann var þá starfandi lögreglumaður á Ísafirði. Vitnið kvaðst hafa komið í Staupastein um kl. 1 umrædda nótt til að hlýða á kunningja sinn leika fyrir dansi. Rúmri hálfri klukkustund síðar hefði vitnið veitt ákærða athygli, en þeir hefðu eitt sinn verið saman á togara. Fylgdist það með ákærða um stund, og kvað það ekki hafa „leynt sér á tilburðum hans og hegðan, að hann var undir áhrifum áfengis“.

Fyrir dómi hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi umrætt sinn verið í Staupasteini og veitt ákærða athygli, þar sem hann stóð einn við borð í veitingahúsinu. Þangað hefði honum verið færður dökkleitur drykkur, sem vitnið minnti þó ekki að hafa séð ákærða neyta. Engu að síður fannst því ekki leyna sér, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, og dró þá ályktun af hegðun hans, en „sláttur var á honum og hann alls ekki eins og hann á að sér „edru““. Ekki ræddi vitnið við ákærða inni á staðnum. Sjálfst kvaðst vitnið ekki hafa verið við áfengisneyslu greint sinn og algerlega án áhrifa þess.

Niðurstaða.

Svo sem áður er rakið, hefður ákærði staðfastlega haldið því fram, að hann hafi ekki hafið áfengisneyslu umrædda nótt fyrr en eftir, að bifreið

hans fór út af veginum í Óshlíð og valt niður snarbratta hlíðina, uns hún staðnæmdest í fjöruborðinu. Upplýst er, að ákærði hlaut við veltuna brot á báðum fótleggjum auk minni háttar áverka. Kveður hann miklar kvalir í fótum svo og ótta við að vera aleinn í fjörunni hafa orðið til þess, að hann greip til óatekins vodkapela, sem hann átti í bifreiðinni, og steypiti úr honum í sig. Er ekkert fram komið í málinu, sem hnekkir framburði ákærða um þessa áfengisneyslu, enda leitaði lögreglan ekki að áfengisumbúðum í eða við bifreiðina, þótt hana grunaði þegar í upphafi rannsóknar, að ákærði hefði verið undir áhrifum áfengis, er umrætt óhapp varð. Óvíst er, hve lengi ákærði beið í fjörunni, áður en aðstoð barst, en ljóst er, að hann hefur haft nægilegt ráðrúm til að ljúka úr pelanum. Samkvæmt þessu þykir ekki unnt að hafna framburði ákærða um áfengisneyslu eftir óhappið og að hún hafi verið í þeim mæli, sem hann hefur borið.

Kemur þá til álita, hvort ákærði hafi verið búinn að neyta annars áfengis fyrr um kvöldið, áður en hann lagði upp í hina örlagaríku ferð til Bolungarvíkur. Vitnið Björn Brynjólfsson, sem var með ákærða fram yfir miðnætti, hefur fullyrt, að hvorugur þeirra hafi neytt áfengis fram að þeim tíma, er farið var í Staupastein. Er þetta í samræmi við framburð ákærða. Meiri vafi er um það, hvort ákærði hafi neytt áfengis inni á veitingastaðnum og í samkvæminu að Túngötu 17, enda er framburður flestra vitna, sem sáu til ákærða á þessum stöðum, reikull og mótsagnakenndur. Eitt er þó sammerkt í skýrslum vitnanna fyrir dómi, að ekkert þeirra sá ákærða neyta áfengis um nóttina. Vitnin Brynjólfur Lárusson, Egill Gunnarsson, Haraldur Úlfarsson, Ólafur Jónasson, Þórir Hálfðanarson og Flosi Arnórsson hafa hins vegar öll látið að því liggja, að ákærði hafi verið ölvaður, án þess þó að nokkurt þeirra hafi getað lýst því berum orðum, í hverju ölvunarástand hans var fólgið. Brynjólfur Lárusson kveðst hafa fylgst með ákærða úr fjarlægð inni á Staupasteini, og hafi ekki leynt sér „á tilburðum hans og hegðan, að hann var undir áhrifum áfengis“. Þannig hafi verið „sláttur á honum og hann alls ekki eins og hann á að sér „edru““. Ákærði kveðst ekkert þekkja til þessa vitnis. Egill Gunnarsson, sem tók ákærða upp í bifreið sína eftir dansleikinn í Staupasteini, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi litið svo á, að allir farþegar bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis. Haraldur Úlfarsson, sem var einn farþeganna, hefur fullyrt fyrir dómi, að ákærði hafi verið ölvaður, er hann settist inn í bifreiðina, og dregur þá ályktun af „allri hegðun“ ákærða. Sjálfur kveðst Haraldur hafa verið ofurölvi greint sinn. Ólafur Jónasson kveður ákærða hafa verið bersýnilega ölvaðan í samkvæminu, en ákærði var að sögn Ólafs „kátur og glaður og kjaftaði mikið og var ekki með fullkomið jafnvægisþyn“. Fram er komið, að Ólafur, sem var sjálfur ofurölvi, var

ekki málkunnugur ákærða á þessum tíma. Þórir Hálfðanarson kveðst „reikna með því“, að ákærði hafi verið ölvaður, þótt vitnið minnst þess ekki að hafa séð það á honum. Ályktun þessa dragi Þórir af því einu, að flestir samkvæmisgestanna voru ölvaðir, þ. á m. hann sjálfur, sem var ofurölvi. Flosi Arnórsson sagði við lögreglurannsókn málsins, að ákærði hefði neytt áfengis inni á veitingastaðnum og verið „áberandi ölvaður“. Er vitnið kom fyrir dóm, kvað það fyrri framburð sinn vera markleysu og minntist þess ekki að hafa séð ákærða neyta áfengis. Þá hefði ákærði ekki heldur borið nein merki áfengisneyslu, að því er vitnið minnti. Þetta vitni var að eigin sögn sem og flestra annarra ofurölvi greint sinn.

Með vísan til ofanritaðs og skírskotan til sakargagna að öðru leyti þykir varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi verið búinn að neyta áfengis, áður en bifreið hans fór út af veginum í Óshlíð. Þá er ósannað, að ákærði hafi átt sök á því, að bifreiðin fór út af veginum, enda láðist að rannsaka hana eftir óhappið og því ógerlegt að segja til um orsakir slyssins. Ekki liggur heldur fyrir í málinu vettvangsuppdráttur eða skýrar ljósmyndir, sem sýni, hvernig óhappið bar að höndum, en ekkert í framburði ákærða veitir vísbendingu um sök af hans hálfu. Ber því samkvæmt 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, að sýkna ákærða af ákæru í málinu.

Sakarkostnaður

Samkvæmt þessum úrslitum greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. útlagður kostnaður verjandans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., skv. framlögðum reikningum, og málsvarnarlaun hans, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Marínó Guðbrandsson, er sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 60.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.